

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Selhrauns suðurs fyrir Suðurhelli 12-20.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. desember 2025 breyting á deiliskipulagi Selhrauns suðurs fyrir Suðurhelli 12-20. Breytingin felst í því að fallið er frá innkeyrslum frá Ásbraut inn á lóðina, bílastæðum fjölgar, breyting er á lóðarmörkum, gönguleiðum, staðsetningu sorpskýla, staðsetningu hjólastæða og byggingarreitir við inngang stækka lítillaga.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar Hafnarfjarðar fyrir Óseyrarbraut 12b.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2025 breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar Hafnarfjarðar fyrir Óseyrarbraut 12b. Breytingin felur í sér að syðri hluti byggingarreits lóðar Óseyrarbrautar 12B stækkar til austurs og vesturs. Mörk byggingarreitsins að lóðunum Óseyrarbraut 8-10 og 12-14 eru lagfærð og lengd sameiginlegrar lóðalínu Óseyrarbrautar 8-10 með Óseyrarbraut 12B er leiðrétt.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 16. desember 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Aleksandra J. Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 7. janúar 2026